

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Fáskrúðsfirði



Dags eftirlits	1.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Nesbala 122	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	520412-0930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ólöf Rún Stefánsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Róshildur Ingólfsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik kom fram við eftirlitið er varðar gagnaskil og tvær ábendingar voru gerðar er snéru að búnaði utan eldissvæðis og varúðarmerkinga á maurasýrutanki.

Eldra frávik frá 2019 v. vöktunaráætlunar er lokað, þar sem uppfærð vöktunaráætlun var samþykkt með útgáfu breytts starfsleyfis vorið 2021.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Þann 1. september sl. var farið í skoðunarferð út að eldissvæðum rekstraraðila við Fögrueyri og Höfðahúsabót og í kjölfarið farið yfir gögn og áætlanir á skrifstofu rekstraraðila á Djúpavogi, samhliða eftirliti með starfsemi þeirra í Berufirði. 2. september var athafnasvæði við Mjóeyrarhöfn, þar sem samsetning kvíahringja hafði farið fram, skoðað.

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávik og úrbætur
 - o Breytingar á starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Umfang 2020, lífmassi og afföll
- Útsetningar, slátrun og hvíld
- Staðsetning eldissvæða
- Skráningar og skil gagna
- Vöktunaráætlun og -skýrslur
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Samsetning eldiskvía
- Skoðunarferð að kvíum

Farið var yfir starfsleyfi rekstraraðila, en breytt starfsleyfi tók gildi þann 6. maí sl. Eitt frávik kom fram við seinasta eftirliti en því var lokað í bréfi með lokaskýrslu.

Farið var yfir áhættumat rekstraraðila frá árinu 2020, og breyting á flokkum áhættumatsins 2021 kynnt.

Umfang á árinu 2020 og það sem af er ári 2021 var innan marka starfsleyfis en það heimlar 11 þúsund tonna framleiðslu á ári með hámarkslífmassa 11 þúsund tonn á hverjum tíma. Þegar eftirlitið fór fram voru tæp 4 þúsund tonn í sjó við Fögrueyri og rúm 200 tonn við Höfðahúsabót.

Slátrun hófst úr Fögrueyri í janúar sl. og þegar eftirlitið fór fram hafði meira en 3000 tonnum verið slátrað á árinu. Seiði voru sett út í nýja staðsetningu, Höfðahúsabót, í júní og júlí sl. Tilkynning um útsetningu seiðanna barst eftirlitsaðila, sbr. gr. 1.2 í starfsleyfi. Síðan eftirlitið fór fram hafa öll seiði við Höfðahúsabót verið færð í Berufjörð, en færsla seiðanna hófst um miðjan september og tók 3 vikur.

Í kjölfar eftirlits sendi rekstraraðili stöðvarskírteini eldisstaðsetninga til staðfestingar þess að eldið færi fram innan marka staðsetninga starfsleyfis. Skv. þeim gögnum eru kvíar allar staðsettar innan leyfilegra svæða starfsleyfis. Eitthvað af búnaði er þó utan skilgreinds eldissvæðis Fögrueyrar en starfsleyfið tekur einungis til staðsetninga kvía og er því vísað í frávik Matvælasstofnunar skráð dags. 27.10.21 v. þessa og ábending gerð vegna staðsetningar búnaðar.

Vel er haldið utan um allar skráningar og áætlanir eru reglulega uppfærðar. Ársyfirliti, grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað sameiginlega fyrir 1. maí sl. Skil ársyfirlits eru ekki fullnægjandi, þar sem í skiluðum gögnum koma ekki fram allar þær upplýsingar sem gerð er krafa um að skuli vera í ársyfirliti, sbr. gr. 4.2 í starfsleyfi í þágildandi leyfi. Viðbótarupplýsingum var skilað þann 24. nóvember sl. og frávikin er því lokað. Rekstraraðili hyggst framvegis skila aðskildu ársyfirliti og grænu bókhaldi og verður því fylgt eftir af hálfu stofnunarinnar að um fullnægjandi skil verði að ræða.

Ekki bárust neinar vöktunarskýrslur vegna ársins 2020 en engin vöktun fór fram á árinu. Ný og uppfærð vöktunaráætlun, dags. 21.1.21, barst stofnuninni þegar unnið var að breytingu á starfsleyfi. Áætlunin var samþykkt og er því í gildi.

Stofnunin minnir á að skila skal vöktunarskýrslum vegna ársins 2021 fyrir 1. maí nk. sbr. gr. 4.2 í starfsleyfi. Um er að ræða grunnsýnatöku á eldissvæðinu Höfðahúsbót fyrir fyrstu útsetningu seiða þar sl. sumar, ásamt sýnatöku við hámark lífmassa við Fögrueyri, ef slík sýnataka fór fram. Skv. gildandi vöktunaráætlun skal vöktun við hámarkslífmassa ekki fara fram við hverja kynslóð sé ástand svæðisins gott. Stofnunin bendir þó á að hafi slík sýnataka ekki farið fram við eldi þeirrar kynslóðar sem nú er verið að klára að slátra upp skuli hún fara fram við hámark næstu kynslóðar sem alin verður á svæðinu, til að grunnupplýsingar fáiast um uppsöfnun á svæðinu á meðan eldi stendur og hreinsun á meðan hvíld stendur.

Enginn dauðfiskur fer í urðun, en hann fer í meltutank um borð í fóðurprömmum og er meltan sótt beint um borð af móttökuaðila. Varatankur fyrir meltu er í landi við gömlu bræðsluna á Djúpavogi. Ekki þarf að nota lyf við lús eða önnur lyf í eldinu, en einungis er notast við hreinsiefni og sóttahreinsiefni. Notast er við olíu á vinnubáta en ekki eru neinir oljugeymar á forræði rekstraraðila á hafnarsvæðinu heldur eru þeir allir á vegum N1 og hafnarinnar.

Sýra fyrir meltugerð er geymd í 1000 L tönkum, bömbum, um borð í fóðurpramma. Engar varúðarmerkingar voru sjáanlegar á skýli sem bambi við Fögrueyri er geymdur í, né var það lokað að ofan. Skýli á prammanum við Höfðahúsbót var hinsvegar lokað og merkt varúðarmerkingum.

Farið var í skoðunarferð að athafnasvæði þar sem verktaki hefur unnið við samsetningu kvía fyrir Fiskeldi Austfjarða og Laxa Fiskeldi. Samsetningu ársins var lokið og hafði svæðinu verið skilað til Mjóeyrarhafna. Vel var gengið frá og svæðið hreinsað og gerir stofnunin engar athugasemdir vegna umgengni við svæðið.

Farið var í skoðunarferð út að Fögrueyri og Höfðahúsbót. Við skoðunarferð að kvíum var engan fugl að sjá eða nokkuð óeðlilegt, en þó var þörungablómi talsverður og mikið af marglyttu á svæðinu.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 4.2 í þágildandi starfsleyfi

Ársyfirlit skal innihalda niðurstöður skráninga og mælinga sbr. kröfur 3., 4. og 5. kafla starfsleyfis. Ársyfirliti var skilað sameiginlega með grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi, en uppfyllir ekki kröfur um niðurstöður skráninga sbr. gr. 4.1 í starfsleyfi. Viðbótarupplýsingum var skilað 24. nóv. sl. og frávikin er því lokað.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að festingar og búnaður kvíastæðis Fögrueyri nær út fyrir skilgreint eldissvæði starfsleyfis, sem er ekki í samræmi við heimild rekstrarleyfis.

Stofnunin bendir á að loka skuli skýli sem maurasýrutankur við Fögrueyri er geymdur í ásamt því að merkja hann á viðeigandi hátt með varúðarmerkingum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.12.2021

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

